



Frá sýningu Guðrúnar Einarsdóttur

Listasafn Reykjanesbæjar

Skrifstofa: Tjarnargötu 12. Sími: 421-6700

Sýningarsalur: Duushúsum. Sími: 421-3796

listasafn@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is/listasafn

Efnisyfirlit

1.	Hlutverk	bls. 4
2.	Safnkostur	bls. 5
3.	Sýningar	bls. 7
4.	Útgáfa og miðlun	bls. 10
5.	Rannsóknir	bls. 11
6.	Önnur verkefni	bls. 12
7.	Starfsfólk	bls. 14
8.	Rekstur	bls. 15
9.	Verkefnaáætlun 2007	bls. 16
10.	Lokaorð	bls. 17

Forsaga

Listasafn Reykjanesbæjar varð til við sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Áður hafði verið til Listasafn Keflavíkur.

Staða menningarfulltrúa var sett á laggirnar haustið 2000 og varð menningarfulltrúi þá um leið fyrsti starfsmaður bæjarfélagsins sem hafði það á verkefnaskrá sinni að sinna Listasafninu og vinna að framgangi þess. Fram að því hafði Listasafnsnefnd á vegum bæjarstjórnar séð um innkaup listaverka og staðið fyrir sýningum víðs vegar um bæinn.

Í janúar 2003 var opnaður sýningarsalur í Duushúsum og hefur sú ráðstöfun, ásamt sjálfstæðum fjárhag gert það að verkum að Listasafn Reykjanesbæjar er nú orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu, eitt af þremur söfnum bæjarins.

Safnið á nú 475 verk eftir ýmsa listamenn sem eru til sýnis við og í hinum ýmsu stofnunum bæjarins eða í varðveisluhúsnæði safnsins.



Sýningarsalur safnsins er í Duushúsum

1. *Hlutverk*

Hlutverk Listasafns Reykjanesbæjar er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu.

1.1. Stofnskrá Listasafns Reykjanesbæjar

1.gr. Listasafn Reykjanesbæjar er í eigu Reykjanesbæjar. Menningar- og safnaráð Reykjanesbæjar gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum forstöðumanns/menningarfulltrúa. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun ár hvert. Safnið starfar samkvæmt safnalögum.

2.gr. Forstöðumaður/menningarfulltrúi ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og á framkvæmd stefnu menningar- íþróttar og tómstundaráðs. Hann skipuleggur sýningar safnsins og sér um aðra faglega starfsemi þess.

3.gr. Skráð stofneign safnsins eru 244 listaverk sem áður voru í eigu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Safnið skal skráð eftir viðurkenndu kerfi.

4.gr. Listasafn Reykjanesbæjar skal varðveita safnkost sinn með þeim hætti að bæjarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að honum. Heimilt er að lána verk í eigu safnsins til ábyrgra aðila gegn vísun tryggingum.

5.gr. Listasafn Reykjanesbæjar skal bjóða uppá safnfræðslu eftir því sem við verður komið með t.d.sýningarhaldi, fyrirlestrahaldi, útgáfu og leiðsögn um safnið.

6.gr. Listasafn Reykjanesbæjar skal rannsaka eftir föngum sögu myndlistar á Reykjanesi með tilliti til söfnunarstefnu safnsins. Einnig skal safnið aðstoða myndlistarmenn á svæðinu eftir því sem við á.

7.gr. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup á listaverkum fyrir hönd bæjarins. Við val listaverka skal hafa í huga listrænt gildi þeirra og skulu þau endurspeglar sem best nýja straua í íslenskri myndlist.

8.gr. Listasafni Reykjanesbæjar er heimilt að veita viðtöku gjöfum, hvort sem er í formi listaverka eða annara fjármuna. Forstöðumaður tekur ákvörðun um gjafir út frá söfnunarstefnu safnsins og stefnumótun menningarráðs. Gjafir til safnsins eru frádráttarbærar til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1981 með áorðnum breytingum.

9. gr. Listasafni Reykjanesbæjar er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn eða viðurkenndar stofnanir um málefni er varða safnið.

Samþykkt í október 2003.

2. Safnkostur

Unnið hefur verið markvisst að skráningu safnkostsins undanfarin ár. Gerður var nýr gagnagrunnur árið 2004 sem var svo endurbættur árið 2005. Kom í ljós að margt var vanskráð og enn eru ýmsir hnökrar. Var þar helst um að kenna, að erfiðlega gekk að afla ýmissa upplýsinga um gömul verk. Ekki var t.d. vitað hvenær og hvernig sum eldri verkanna bárust safninu. Fram til ársins 2004 var skráningin afar ófullkomin en nú hefur tekist að ná utan um alla safneignina, búið er að taka myndir af öllum verkum og skrá helstu upplýsingar í þennan gagnagrunn. Verkefni næstu ára er svo að afla fyllri upplýsinga um gömlu verkin ásamt því að skrá þau nýju á fullnægjandi hátt.

Safnkosturinn telur nú 475 verk og er afar fjölbreyttur, segja má að safnið eigi verk úr öllum helstu flokkunum. Markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur þó ekki verið viðhöfð fyrr en frá og með árinu 2004 og tekur mið af því fjármagni sem hverju sinni er sett í listaverkasjóð. Árið 2006 var 1 milljón króna til ráðstöfunar.

Söfnunarstefnan sem nú er unnið eftir var samþykkt í september árið 2003 og því kominn tími til endurskoðunar.

2.1. Söfnunarstefna:

1. Að efla listaverkaeign safnsins svo hún gefi góða mynd af, annars vegar listamönnum svæðisins frá öllum tímum og hins vegar samtímalist á landinu öllu.
2. Að hvetja unga listamenn sérstaklega til dáða með kaupum á verkum þeirra.
3. Að safna úrvali verka úr Listaskóla barna í Reykjanesbæ.



Verk eftir Steinunni Marteinsdóttur

2.2. Safnauki 2006:

Safnkosturinn telur nú 475 verk. Eftirfarandi 44 verk bættust við á árinu 2006.

Númer	Nafn listamanns	Heiti verks	Fengið	Verð	Athugasemdir
1	Amariel Norðoy	Skiftende lys	Keypt	200.000	Olía á striga
2	Thorbjörn Olsen	The city	Keypt	85.000	Olía á striga
3	Eyðun av Reyni	Ljós nátt	Keypt	200.000	Olía á striga
4	Guðrún Einarsdóttir	Án titils (hvít)	Gjöf	220.000	Olía á striga
5	Guðrún Einarsdóttir	Án titils (svört)	Gjöf	220.000	Olía á striga
6	Ann Chuchvara	Fall 2006	Gjöf	50.000	Órói úr pappír
7	Amy Barillo	Green and pink cheks	Gjöf	50.000	Plaströr/mynd
8	Hrafnhildur Sigrúðardóttir	Net	Gjöf	50.000	Skúlptúr, garn
9	Jaeha Yoo	“Siamsskyrtur”	Gjöf	50.000	Skúlptúr, textill
10	Julie Poitras Santos	Rope	Gjöf	50.000	Skúlptúr, filt og reipi
11	Patricia Tinajero Baker	“Videofilmuteppi”	Gjöf	50.000	Skúlptúr
12	Tsehai Johnson	Án titils	Gjöf	50.000	Skúlptúr
13	Steinunn Marteinsdóttir	Vasi	Gjöf	75.000	Leirvasi,steinleir
14	Steinunn Marteinsdóttir	Fjallsrúnir	Gjöf	6.500	Leirvasi,steinleir
15	Steinunn Marteinsdóttir	Fjallsrúnir	Gjöf	75.000	Leirvasi,steinleir
16	Steinunn Marteinsdóttir	Ker	Gjöf	17.000	Ker, steinleir
17	Steinunn Marteinsdóttir	Vasi	Gjöf	45.000	Vasi, steinleir
18	Sigríður Ólafsdóttir	Hluti af heild/Pars pro toto	Keypt	40.000	Olía á striga
19	Sigríður Ólafsdóttir	Hluti af heild/Pars pro toto	Keypt	40.000	Olía á striga
20	Sossa	Unification/sameining	Keypt	400.000	Olía á striga
21	Hellvar-Heiða Eiríksdóttir	Hellvar	Keypt	20.000	Hljóðverk
22	Dröfn Sigurvinsdóttir	Arnarstapi	Keypt	6.000	Akryl á striga
23	Dröfn Sigurvinsdóttir	Reykjanes	Keypt	8.000	Akryl á striga
24	Dagný Gísladóttir	Ljósmynd 1	Gjöf	10.000	Ljósmynd
25	Dagný Gísladóttir	Ljósmynd 2	Gjöf	10.000	Ljósmynd
26	Dagný Gísladóttir	Ljósmynd 3	Gjöf	10.000	Ljósmynd
27	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson	Sog janúar fjórða	Gjöf	480.000	Olía á striga
28	Kristín Couch	Án titils	Gjöf	30.000	Ljósmynd
29	Gunnhildur Þórðardóttir	Rothlius	Keypt	25.000	Olía á pappír
30	Gunnhildur Þórðardóttir	Shadow	Keypt	25.000	Olía á pappír
31	Tryggvi Hansen	Án titils	Gjöf	30.000	Olía á striga
32	Ásmundur Friðriksson	Erlingur Jónsson	Keypt	40.000	Þurrpastel
33	Guðmundur Mariússon	Leikur við Báru	Keypt	30.000	Olía á striga
34	Halla Harðar	Lýsugull	Keypt	12.000	Olía á striga
35	Helgi Skúlason	Úr Leirunni	Gjöf	50.000	Olía á striga
36	Valgarður Gunnarsson	Gunnar Þórðarson	Keypt	200.000	Olía á striga
37	Arinbjörn Þorvarðarson	Axlarhyrna í Búðahrauni	Gjöf	100.000	Olía á striga
38	Áki Gránz	Reykjanes	Gjöf	50.000	Olía á striga
39	Þorbjörn Einar	Dream catcher	Keypt	10.000	Olía á striga
40	Þorbjörn Einar	Dream catcher	Keypt	10.000	Olía á striga
41-44	Davíð Eldur		Keypt	20.000	Ljósmyndir

3. *Sýningar*

Sýningarstefna:

1. að vera með fjölbreytt sýningarhald í sýningarsal listasafnsins í Duushúsum þar sem gerðar eru strangar listrænar kröfur sem miða að því að sýna ávallt það besta og framsæknasta hverju sinni og stuðla þannig að því að safnið verði sterkt afl í íslensku myndlistarlífi.
2. að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningarhaldi, fyrirlestrum og útgáfu.
3. að styðja sérstaklega við listamenn af Suðurnesjum með sýningarhaldi og kynningum víðs vegar um bæinn.
4. að vera með a.m.k. eina sýningu árlega sem sérstaklega er hugsuð til að opna augu ungs fólks fyrir töfrum myndlistarinnar.

Samþykkt í september 2003

3.2. Sýningar í Listasal í Duushúsum

7 sýningar voru haldnar í sýningarsal safnsins í Duushúsum. Við hverja sýningu var gefin út sýningarskrá og ca. 1000 boðskort send út. Leiðsögn listmanna var liður í öllum sýningunum og einnig var tekið skipulega á mótí skólahópum. Salurinn er opinn alla daga frá kl. 13.00-17.30.

1. sýning 21. janúar – 5. mars Guðrún Einarsdóttir

Laugardaginn 21. janúar var opnuð einkasýning Guðrúnar Einarsdóttur. Guðrún sýndi þar rúmlega tuttugu ný verk unnin með olíu á striga ásamt skúlptúrum unnum úr frauðplasti og litarefni á tré.

Í sýningarskrá sem gefin var út af þessu tilefni segir Aðalsteinn Ingólfsson m.a. um verk Guðrúnar: “ Í seinni tíð hefur Guðrún lagt bæði dýpri og heildrænni skilning í „náttúruna”, tengt saman hinar stóru lífrænu heildir jarðfræðinnar, smáheima líffræðinnar og ofurvíddir stjörnufræðinnar. Í nýjustu verkum hennar erum við stödd við upptök sjálfs lífsins, þar sem sýbreytingin er eina staðreyndin sem hægt er að reiða sig á. Um leið eru verk Guðrúnar langt í frá köld og vísindaleg; þvert á mótí eru þau borin uppi af ríkum og fullkomlega „órökrænum” tilfinningum. Þær tilfinningar snerta umgengni okkar við þá margbrotnu og viðkvæmu lífrænu veröld sem við höfum fengið að láni og eigum að skila óskaddaðri til afkomenda okkar.”

Guðrún Einarsdóttir hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum frá árinu 1990. Hún hefur hlotið viðurkenningu sem einn af okkar áhugaverðustu listamönnum í dag og var m.a. einn af fulltrúum Íslands á Carnegie Art Award 1999.

2. sýning 10. mars – 23. apríl Náttúruafl, Listasafn Íslands, 11 listakonur

Sýningin Náttúruafl var opnuð föstudaginn 10. mars. Náttúra Íslands hefur verið viðfangsefni margra listamanna í íslenskri myndlist á 20. öld. Hún hefur verið uppspretta mismunandi tjáningarforms innan myndlistarinnar og hefur átt ríkan þátt í að skapa viss einkenni innan íslenskrar listasögu. Á sýningunni gat að líta marga

ólíka tjáningarmiðla, málverk og skúlptúra, vefnað og grafíkmyndir eftir íslenskar konur; þær Ásgerði Búadóttur, Brynhildi Þorgeirsdóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Hafdís Ólafsdóttur, Hildi Hákonardóttur, Júlíönu Sveinsdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Ragnheiði Jónsdóttur Ream, Sigríð Valtinóy, Valgerði Hauksdóttur og Þorbjörgu Höskuldsdóttur. Verkin á sýningunni eru öll unnin á seinni hluta 20. aldar og er ætlunin með þessari sýningu að miðla náttúruhrifum og kröftum íslenskrar náttúru. Verkin eru í eigu Listasafns Íslands og sýningarstjóri er Harpa Þórsdóttir.

3. sýning 28. apríl – 11. júní Í eygsjón, 6 færeyskir listamenn

Sýningin Í eygsjón – sex færeyskir málararar var opnuð föstudaginn 28. apríl. Um var að ræða rúmlega 20 verk unnin með olíu á striga og er myndefnið færeysk náttúra. Þeir sem áttu verk á sýningunni voru: Amariel Norðoy, Bárður Jákupsson, Eyðun av Reyni, Kári Svensson, Torbjörn Olsen og Össur Mohr. Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson.

4. sýning 16. júní – 20. ágúst Distill, 7 listamenn frá ýmsum löndum

Föstudaginn 16. júní var opnuð sýningin Tíminn tvinnaður. Þar var á ferðinni alþjóðlegi listhópurinn Distill en í honum eru listamennirnir Amy Barillaro, Ann Chuchvara, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Jaeha Yoo, Julie Poitras Santos, Patricia Tinajero Baker, Tsehai Johnson. Þessir sjö nútímalistamenn eru búsettir í borgum víða um heim og list þeirra spannar sviðið frá tvívíðum hlutum í skúlptúra og innsetningar. Verkin eru unnin úr margvíslegum efnivið og m.a. mátti sjá þarna verk unnin úr ýmsum endurnýjanlegum efnum. Í sýningarskrá segir listfræðingurinn Cecilia Foote: “Á sýningunni Tíminn tvinnaður má sjá margbrotnar bollaleggingar á hugtökunum tími og endurtekning. Þó að myndlistarmennirnir vinni í þessum málefnum fyrirbærafræðanna er útkoman samansafn þess besta úr mörgum fræðum og full af andagift.”

5. sýning 1. sept. – 15. okt. Steinunn Marteinsdóttir, yfirlitssýning

Föstudaginn 1. september var opnuð yfirlitssýning á verkum Steinunnar Marteinsdóttur, bæði keramikverkum og málverkum. Steinunn hefur lengi talist til okkar allra færustu listamanna og spanna verkin tímabilið 1961-2006. Steinunn var í hópi þeirra fyrstu er lögðu fyrir sig keramik á Íslandi og eftir útskrift úr Handíða- og myndlistarskóla Íslands hélt hún til frekara náms í Þýskalandi.

Steinunn keypti ásamt manni sínum Sverri Haraldssyni, Hulduhóla í Mosfellsbæ árið 1969 og hefur rekið þar vinnustofu og gallerí síðan. Steinunn hefur á löngum ferli sýnt verk sín víða um heim og hefur átt stóran þátt í að skapa keramik á Íslandi þann sess innan listarinnar sem verðugur er.

6. sýning 20. okt. – 3. des. Sigtryggur Bjarni Baldvinsson

Föstudaginn 20. október var opnuð einkasýning Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar á Listasafni Reykjanesbæjar og bar sýningin heitið Sog. Viðfangsefni listamannsins var straumvatn og sýndi hann þarna ný málverk unnin með olíu á striga og rýmisverk. Sigtryggur Bjarni er fæddur árið 1966 og hefur haldið og tekið þátt í fjölda sýninga undanfarin ár, síðasta einkasýning hans var í Gallery Turpentine árið 2005.

7. sýning 8. des. – 10. janúar Ný verk úr safneigninni

Eftirfarandi listamenn áttu verk á jólasýningu safnsins: Guðrún Einarsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Íris Eggertsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sossa, Steinunn Marteinsdóttir, Tolli, Valgarður Gunnarsson.

3.3. Sýningar í Suðsuðvestri

Samkvæmt 2. grein sýningarstefnunnar ber Listasafni Reykjanesbæjar að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningarhaldi, fyrirlestrum og útgáfu. Í lok árs 2004 hófst samstarf Listasafnsins og Suðsuðvesturs og sýningarrýmið Suðsuðvestur var opnað í byrjun árs 2005 í húsnæði Listasafnsins að Hafnargötu 22. Sýningarrýminu er ætlað að vera opinn vettvangur fyrir myndlistarfólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt. Sérstök 3ja manna listræn stjórn ræður sýningum í Suðsuðvestri og formaður hennar er Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistamaður. Listasafn Reykjanesbæjar ber hins vegar ábyrgð á rekstrinum s.s. húsnæði og starfsfólki. Er þetta verulega spennandi nýjung í listalífi Reykjanesbæjar og er samtímalist á Íslandi til framdráttar. Þarna hefur skapast vettvangur fyrir unga listamenn af öllu landinu sem ekki hafa átt aðgang að miklu sýningarrými til þessa. Vefur sýningarrýmisins er: sudsudvestur.is

Þeir listamenn sem sýndu árið 2006 í Suðsuðvestri voru: Sigríður Ólafsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Eygló Harðardóttir, Indíana Auðunsdóttir, Þórunn Hjartardóttir, Heimir Björgúlfsson, Hreinn Friðfinnsson, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Gunnhildur Þórðardóttir og síðast en ekki síst Prjóket Patterson. Project Patterson var sérverkefni sem unnið var að í sambandi við Ljósanótt og var meginþemað bandaríski herinn, brottför hans af Íslandi og áhrif hans á íslenskt samfélag áður og nú. Í þeirri sýningu tóku þátt margir myndlista og tónlistamenn. Kira Kira, Hellvar, Ghostigital, Auxpan, Apparat, Sólveig Einarsdóttir, Ráðhildur Ingadóttir, Páll Thayer, Ólöf H. Helgadóttir, Kolbeinn Hugi, Inga Þ. Jóhannsdóttir, Helgi Þórsson, Hekla Dögg, Gunnhildur Hauksdóttir, Finnur Arnar Arnarson, Elsa D. Gísladóttir, Erling Klingenberg, Dodda Maggý og Didda Hjartardóttir.

3.4. Aðrar sýningar

Samkvæmt sýningarstefnu er safninu ætlað að aðstoða listamenn Reykjanesbæjar við sýningarhald annars staðar en í Listasalnum. Þessi aðstoð getur birst á marga vegu, s.s. við útvegum á sýningarhúsnæði, aðstoð við hönnun og prentun bæklinga og boðskorta, aðstoð við styrkumsóknir, kynningu til fjölmiðla, o.s.frv. Eftirfarandi einstaklingar nutu aðstoðar þetta árið: Oddgeir Karlsson, Guðmundur Rúnar Lúðvíksson, Magdalena Sirrý, Hjördís Hafnfjörð, Fríða Rögnvalds, Sigríður Rósinkarsdóttir, Björgvin Guðnason, Sigrún Sigurðardóttir, Ásta Árnadóttir, Kristján Carlsson Gränz, Þorbjörn Einar og fleiri.

Eftirfarandi félag og hópar nutu aðstoðar við sýningarhald á árinu: Félag Myndlistarmanna, Gallery Björg, Ljósop félag áhugaljósmyndara, ljósmyndahópurinn Focus.

Einnig nutu eftirfarandi erlendir listamenn aðstoðar við sýningarhald í bæjarfélaginu: Björg Strömme, Maren Sofie Strömme, Tone Nordahl- Pedersen, Vigdis Sigmundsdóttir, Brynhild Sigmundsdóttir, Zig-Zag alþjóðlegur listhópur.



Af sýningu Guðrúnar Einarsdóttur

4. Útgáfa og miðlun

4.1. Prentun

Listasafnið gaf út fimm 36 síðna bæklinga í tengslum við sýningar í Listasal í Duushúsum. Í hverjum bæklingi er gerð grein fyrir viðkomandi listamanni /mönnum og verkum hans / þeirra og er textinn bæði á íslensku og ensku og skrifaður af fagfólki. Þeir fræðimenn sem skrifuðu textana þetta árið voru: Aðalsteinn Ingólfsson, Cecilia Foote, Harpa Þórsdóttir, Gunnar Hersveinn, Árni Bergmann.

Myndir eru allar í lit, flestar teknar af Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara og bæklingarnir hannaðir og prentaðir í Grágás. Kostnaður við þessa útgáfu er u.þ.b. kr. 500.000 á hvern bækling, prentun, textavinna, ljósmyndir o.fl. og hefur safnið notið stuðnings fyrirtækja hér í bæ til að greiða þann kostnað. Eftirfarandi fyrirtæki skipa hóp vildarvina Listasafns Reykjanesbæjar: Nesprýði, Hitaveita Suðurnesja, Landsbankinn, Íslandsbanki, Sparisjóðurinn í Keflavík og Samkaup. Prentuð eru 500 eintök af bæklingnum og fær listamaðurinn í sínar hendur 250 eintök af bæklingi/sýningarskrá sem hann getur þá notað til kynningar en skilur á móti eftir verk sem þá bætist við safnkost Listasafnsins. Þannig njóta báðir aðilar nokkurs.

Einnig voru prentaðar tvær minni sýningarskrár tengdar sýningum Listasafns Íslands og sýningunni á safnkostinum. Reglan hefur verið sú að safnið stendur að útgáfu bæklinga um viðkomandi listamann og verk hans ef verið er að sýna verkin í fyrsta sinn. Ef um sýningar frá öðrum söfnum er að ræða s.s. sýninguna frá Listasafni Íslands eða verk sem sýnd hafa verið áður, er einungis gefin út sýningarskrá, en í veglegri kantinum þó.

4.2. Vefurinn

Vefur Listasafnsins var opnaður 1. desember 2004 og hafði Gunnhildur Þórðardóttir veg og vanda að þeirri vinnu en naut góðrar aðstoðar starfsfólks Bókasafns Reykjanesbæjar. Meginefni vefsins eru upplýsingar um safnið sjálf, safneignina og þær sýningar sem eru í Listasafnum en þær eru í raun einu sýningarnar í nafni safnsins þó svo að safnið komi að sýningum á öðrum stöðum eins og komið hefur fram áður. Ritstjóri vefsins er menningarfulltrúi sem jafnframt skipar stöðu forstöðumanns safnsins en Thelma Björk Jóhannesdóttir starfsmaður safnsins sér að mestu leyti um vefinn. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Vefurinn hefur verið unninn m.a. fyrir styrk sem fengist hefur frá Safnasjóði. Vefurinn hefur verið í endurskoðun og vonir standa til að hann verði efnismeiri þegar fram líða stundir.

5. *Rannsóknir / Safnkennsla*

5.1. Skráning safnkosts

Með styrk frá Safnasjóði 2004 tókst að skrá allan safnkostinn í nýjan gagnagrunn og telst nú fullskráður. Það hefur þó komið í ljós að ýmsir hnökror leynast í nýju skráningunni og er þar helst um að kenna að ekki lágu fyrir nógu haldgóðar upplýsingar um verkeignina. Þegar vinnan hófst var eitthvað af verkunum til á exelskjali og ljósmyndir af sumum verkanna voru einnig til en langt frá því að skráningin væri fullnægjandi. Búið var til skráningarkerfi í Access forritinu, teknar digital myndir af öllum verkunum og settar þar inn. Einnig voru tekin viðtöl við alla þá listamenn héðan af svæðinu sem náðist í og heimilda um aðra var leitað víða, m.a. á Listasafni Íslands og Bókasafni Reykjanesbæjar. Við þessa vinnu kom í ljós að margt hafði verið vanskráð og safnkosturinn því meiri en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi. Verkefninu er ekki lokið þó öll safneignin sé nú skráð því leita þarf fyllri upplýsinga um fjölda verka og listamana og vinur stafsmaður safnsins að því.

5.2. Söfnun heimilda

Síðustu árin hefur staðið yfir söfnun heimilda sem tengjast myndlist á Suðurnesjum, m.a. öllu því sem birst hefur í blöðum og tímaritum á Suðurnesjum. Þarna fæst gott yfirlit m.a. yfir allar myndlistarsýningar sem haldnar hafa verið í bænum frá miðri síðustu öld og þá myndlistarhópa og einstaklinga sem starfað hafa á svæðinu. Í þennan banka eru sífellt að berast ný gögn, m.a. prentaðar sýningarskrár o.fl. prentuð gögn frá fyrrum menningarráðsmeðlimum. Einnig er unnið að viðtölum við þessa sömu aðila. Út frá þessum heimildum verður auðveldara að rita sögu myndlistar á Reykjanesi. Í viðtölunum vegna skráningarverkefnisins bætist einnig mikil vitneskja í þennan banka. Vegna skorts á starfsfólki bíður nánari úrvinnsla á þessu verkefni.

5.3. Safnkennsla

Móttaka skólahópa á Listasafnið er orðinn fastur liður í starfi safnsins og skólanna og augsýnilegt að myndlistarkennarar hafa tekið þessari nýjung í myndmenntakennslu hér í bæ opnum örmum. Við opnun sýninga eru send kynningarbréf í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, grunnskólana fimm og leikskólana sjö þar sem boð í safnið er áréttað og jafnframt farið fram á samvinnu í gerð verkefna sem tengjast hverri sýningu. Í ágúst 2006 var ráðinn safnakennari við Listasafnið, Thelma Björk Jóhannesdóttir og var hún ráðin í 50% stöðu. Eftir að hún kom til starfa hefur hún alfarið séð um móttöku nemenda og vrkefnageð tengd heimsóknunum. Hefur þessari þjónustu verið vel tekið og góð verkefni unnin, alls komu 3686 nemendur til að skoða myndlistina þetta árið. Verður þessari vinnu framhaldið í góðri samvinnu við myndmenntakennara í bænum.



Úr Listaskóla barna

6. Önnur verkefni

6.1. Listaskóli barna

Listasafnið sér um rekstur Listaskóla barna sem rekinn er á sumrin í Reykjanesbæ til mótvægis við Íþróttaskóla barna sem rekinn er af Íþróttahreyfingunni. Þáttur safnsins felst einkum í að móta hugmyndafræði skólans, faglegri umsjón og ráðningu leiðbeinenda. Haldin voru tvö þriggja vikna námskeið og var fjöldi nemenda 73 á aldrinum 6-12 ára. Tveir leiðbeinendur sáu um kennsluna þetta árið, myndmenntakennarinn Thelma Björk Jóhannesdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir BA í leiklist frá The ArtsEducational í London.

Í Listaskólanum er hinum ýmsu listgreinum fléttað saman og lauk báðum námskeiðunum með listahátíð þar sem haldnar voru myndlistarsýningar og leikverk sett upp. Kennt var á tveimur stöðum í bænum, Svarta pakkhúsinu og Frumleikhúsinu. Í Svarta pakkhúsinu var lögð áhersla á myndræna tjáningu á fjölbreytilegan hátt en í Frumleikhúsinu var leikræna tjáningin hins vegar í fyrirrúmi. Einnig var farið víða um bæinn og leitað fanga til listrænnar sköpunar. Söfnin voru heimsótt, stytur bæjarins skoðaðar og farið var á nokkra staði sem eru merkilegir út frá sögu- eða menningarlegu sjónarhorni, þar var bæði stuðst við sanna atburði og einnig þjóðsögur svæðisins. Nemendurnir fóru í Kölku og fengu þar efnivið til listsköpunar auk þess að hljóta fræðslu um endurvinnslu sorps. Þemað þetta sumarið var hafið, og nýttist það bæði í myndlistinni sem og leiklistinni.

6.2. Listahátíð barna

Listahátíð barna hefur verið haldin í Duushúsum í byrjun maí síðustu tvö árin. Reynt hefur verið að vinna þessari hugmynd framgang síðustu árin en ekki tekist að koma henni í fulla framkvæmd. Upphaflega hugmyndin var sú að byrja strax með alla leik- og grunnskóla og halda listahátíð þar sem nemendur sýndu afrakstur vinnu sinnar í listgreinum. Þetta var of stórt verkefni til að skólastjórnendur keyptu hugmyndina en nú er vísirinn orðinn til. Leikskólinn Vesturberg reið á vaðið undir styrkri stjórn leikskólastjórans Brynju Aðalbergsdóttur. Haldin var myndlistarsýning í Gömlu búð Duushúsa og leiksýning og söngur var í Bíosalnum og stóð hátíðin frá föstudegi til sunnudags og var vel sótt. Haldið verður áfram að reyna að fá fleiri skóla til þátttöku.

6.3. Gallerírekstur

Listasafnið hefur stutt hópa áhugafólks við rekstur á tveimur galleríum. Annars vegar er það gallerí í Svarta pakkhúsinu í samstarfi við Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ og hins vegar gallerí í Fishersbúð í samstarfi við handverksfólk. Nú hefur nýr hópur Gallery-Svarta pakkhúsið að mestu tekið við rekstrinum í Svarta pakkhúsinu og sú breyting orðið á að galleríin eru nú opin allt árið. Þarna geta listamenn og handverksfólk í Reykjanesbæ og nágrenni komið með verk sín og gestir geta keypt eða skoðað. Þetta hefur verið hugsað sem liður í menningartengdri ferðaþjónustu. Listasafnið kemur nú orðið aðallega að þessu verkefni sem ráðgefandi aðili og sér um rekstur húsnæðisins.

6.4. Móttökur

Listasalurinn í Duushúsum er orðinn aðal móttökustaður bæjarstjórnar. Þessi liður í starfsemiinni verður því sífellt viðameiri og gott að vita til þess að listin skuli vera svo eftirsóknarverð þegar bæjarfélagið vill sýna sitt besta.

6.5. Listaverk í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Samningur milli Listasafnsins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var undirritaður í október. Þar tekur safnið að sér að kynna íslenska list í komurými flugfarþega ásamt því að setja upp listaverk í skrifstofurými byggingarinnar. Þetta er tilraunaverkefni til

eins árs og gaman verður að vita hvernig þetta mun ganga. Ákveðið er að verkin í komurýminu tengist sýningum í Listasalnum og þannig fær viðkomandi listamaður kynningu á báðum stöðum. Við undirritun voru sett upp 24 verk í flugstöðinni og er það bara byrjunin.

7. Starfsfólk

Fastráðið starfsfólk: Menningarfulltrúi, Valgerður Guðmundsdóttir, skipar stöðu forstöðumanns Listasafns Reykjansbæjar í 50 % stöðuhlutfalli á móti menningarfulltrúastöðunni. Hennar laun eru tekin af bókhaldslykli menningarfulltrúa. 1. mars 2004 fékkst 100 % staða við Listasafnið sem kölluð er umsjónarmaður Duushúsa en Listasafnið er rekstaraðili Duushúsanna, þá stöðu skipaði Jóhannes Kjartansson mestan hluta árs 2006. Aðrir starfsmenn eru verkefnaráðnir eða lausráðnir í mismiklu stöðuhlutfalli.

Verkefnaráðin: Thelma Björk Jóhannesdóttir í 50 % stöðu frá 1. janúar 2006 og 100 % frá 1. júní og út árið. Hún sér um safnkennslu, skráningu, Listaskóla barna o.fl. Lausráðin: Með Thelmu var ráðin í Listaskóla barna Sólveig Guðmundsdóttir í 100 % stöðu frá 1. júní til 1. ágúst. Starfsólk til að leysa af í sumarfríum og sitja yfir sýningum í Duushúsum og Suðsuðvestri voru: Vaka Hafþórsdóttir, Bryndís Hjálmarsdóttir, Smári Ketilsson, Pálmi Ketilsson. Að auki sinnti starfsmaður Byggðasafnsins, Björn Ragnarsson helgarvöktum í Duushúsum aðra hvora helgi og oftast þegar á þurfti að halda. Laun þessa hóps koma af bókhaldslykli Listasafnsins. Ólaunað: Aðalsteinn Ingólfsson og Inga Þórey Jóhannesdóttir sitja bæði í listráði safnsins og fá einungis greitt fyrir fundarsetur.

Komið er að þeim tímamótum í starfi Listasafns Reykjansbæjar að nauðsynlegt er að ráða fleira fólk. Miðað við umsvif og rekstur hljóta ný stöðugildi að koma fram í fjárhagsáætlun 2007 og er þá fyrst og fremst litið til fagfólks.



Thelma Björk með hóp nemenda.

8. *Rekstur*

8.1. **Rekstur / styrkir**

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun 2006 var kr. 22.582.000 og greiðist mest megnis af Reykjanesbæ. Laun og launatengd gjöld eru u.þ.b. helmingur þessarar fjárhæðar. Þess má þó geta að þessi fjárhæð kemur af þremur lykllum, laun menningarfulltrúa af lykli menningarfulltrúa, rekstur safnahússins af lykli Duushúsa (en Listasafnið er rekstraraðili húsanna) og annað af lykli Listasafnins (sjá nánar á meðfylgjandi fylgigögnum). Styrkur úr Safnasjóði var kr. 1.800.000 og styrkir frá öðrum kr. 2.500.000. Gerður var samningur við Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem safnið tók að sér að kynna íslenska list með því að setja listaverk í Flugstöðina, bæði í móttökurými og skrifstofurými og fékk safnið greitt fyrir þá þjónustu kr. 1.000.000. Einnig var gerður samningur við Glitni þar sem Glitnir greiðir aðgangseyri fyrir gesti og fékkst þar önnur milljón. Úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar ko 1.000.000 í Listaverkasjóð til listaverkakaupa og er sá sjóður á sérstökum listaverkalykli í umsjá Listasafnsins.

8.2. **Gestir**

Fjöldi gesta í Duushúsin árið 2006 var 29.640 manns og er það heldur fleira en árið 2005. Þar af voru sérstaklega skráðir 3.660 nemendur og 1.278 manns mættu við 6 opnanir listsýninga í Listasalnum sem gera rúmlega 200 við hverja opnun (engin eiginleg opnun er á jólasýningunni). 115 viðburðir alls voru haldnir í Duushúsum, tónleikar bókmenntakynningar, sagnakvöld, listsýningar, ráðstefnur, fundir, móttökur og málstofur.



Af sýningunni Náttúrafl

9. Verkefnaáætlun 2007

Sýningar

Settar verða upp 7 sýningar í sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum samkvæmt sýningarstefnu safnsins. Desembersýningin verða verk úr safneigninni.

Stuðningur aukinn við sýningarhald atvinnufólks sem vinna að gagnrýnni listsköpun í sýningarrými Suðsuðvestur.

Sýningarhald áhugafólks víðs vegar um bæinn á Ljósanótt eftt enn frekar.

Aðstoða við sýningarhald atvinnufólks annars staðar frá í öðru sýningarrými en sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum.

Aðstoða listamenn frá Reykjanesbæ við kynningu og sýningarhald innan svæðis og utan.

Sumarsýning í Listaskóla barna og Listahátíð barna í Duushúsum.

Samstarf við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um sýningarhald í Flugstöðinni verður fram haldið.

Markaðssetning:

Aukin markaðssetning á sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum sem ákjósanlegum sýningarstað fyrir starfandi listamenn alls staðar að af landinu.

Aukin markaðssetning og kynning á safninu sem ákjósanlegum stað fyrir listunnendur að sækja heim

Vinna að því að Listasafn Reykjanesbæjar skipi stærra hlutverk í ferðaþjónustu á Suðurnesjum.

Áfram unnið að söfnun vildarvina safnsins með þjónustusamningum og styrktarsamningum.

Skráning:

Halda áfram að skrá ný verk og vinna fyllri upplýsingar með gömul verk.

Gera verkeignina aðgengilega á vef safnsins.

Rannsóknir:

Áfram verður unnið að öflun upplýsinga um listamenn svæðisins og þeim komið í gagnagrunninn þar sem við á.

Sérstaklega verður unnið að öflun gagna, mynda og frásagna, um listamanninn Erling Jónsson. Vonir standa til að hægt verði að hefja vinnu úr þessum gögnum.

Áfram verður unnið gagnabankanum aðgengilegar upplýsingar þannig að saga myndlistar á svæðinu verði ljósari.

Aðstoð við grasrótina:

Listasafn Reykjanesbæjar mun styðja við rekstur á galleríi Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ og

Listasafnið aðstoðar Félag myndlistarmanna í sambandi við námskeiðahald félagsins og sýningarhald.

Listasafnið aðstoðar félag áhugasljósmyndara Ljósop og félag handverksfólks Gallery Björgu með ráðgjöf og við sýningarhald.

Listasafn Reykjanesbæjar tekur þátt í rekstri og skipulagninu á Listaskóla barna.

Listasafnið mun vinna að því að Listahátíð barna festist í sessi og fjöldi þátttakenda aukist.

Útgáfa/miðlun:

Listasafnið mun gefa út veglegar sýningarskrár tengdar sýningum í Listasalnum í Duushúsum. Þetta eru vandaðir bæklingar með umfjöllun um viðkomandi listamann og litmyndum af hluta verkanna á sýningunni.

Vefur safnsins var opnaður 2005 og ætlunin að vinna hana enn frekar. Nú má sjá þar upplýsingar um allar sýningar safnsins ásamt ýmsum öðrum upplýsingum. Verkeign safnsins verður gerð aðgengileg á vefnum. Hluti af vefnum er nú aðgegnilegur á ensku og enn frekar verður unnið í því á árinu..

Móttaka gesta:

Safnkennari vinnur áfram með kennurum í grunnskólum bæjarins og Fjölbrautaskóla Suðurnesja að því að gera heimsóknir í Listasafnið að eðlilegum hluta af skólastarfi vetrarins. Unnið að gerð sérstakra verkefna tengdum hverri sýningu sem miðuð eru við mismundandi aldur og markmið.

Hafa ávallt tiltækar góðar upplýsingar um hverja sýningu á íslensku og ensku.

11. Lokaorð

Þó Listasafn Reykjanesbæjar teljist stofnað árið 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga þá hófst eiginleg safnastarfsemi ekki fyrr en árið 2003. Stofnskrá, sýningarstefna, söfnunarstefna og önnur stefnumótun var þá samþykkt til þriggja ára, sýningarsalur opnaður, lágmarks fjármunir tryggðir og starfsemin hófst. Ekkert listasafn hafði þá verið til á Suðurnesjum og var því mikið brautryðjendastarf fram undan. Safnið hefur síðustu árin markað sér bás í listalífi landsmanna m.a. með

fjölbreyttu sýningarhaldi og sannað tilverurétt sinn sem ein af burðarstöðum menningarlífs í Reykjanesbæ. Á síðasta ári var unnið áfram að stefnumótun og gerð starfstefna til næstu fjögurra ára. Þar kom m.a. fram að auka þyrfti sýningarrýmið, fjölga starfsmönnum, finna betra varðveisluhúsnæði, auka opnunartíma til hagræðis fyrir nútíma fólk, fjölga samstarfsaðilum, vinna frekar að rannsóknum og markaðssetningu.

Safnið færir sýnir nær þessum markmiðum en til þess þarf aukið fjármagn og fleira fólk og er þar horft bæði til bæjarfélagsins, ríkisins og stöndugra fyrirtækja í bæjarfélaginu. Sýningarþátturinn er ennþá viðamestur í starfsemi safnsins og segja má að ástæðuna til þess megi rekja til tveggja þátta. Annars vegar er nauðsynlegt fyrir nýja stofnun að vekja sem mesta athygli á sér og þá eru sýningarnar auðveldasti kosturinn og hins vegar að rannsóknarþátturinn krefst fleiri fagmenntaðra starfsmanna og aðstöðu sem er ekki enn fyrir hendi hjá Listasafni Reykjanesbæjar. Yfirstjórn safnsins gerir sér þó fulla grein fyrir þessum Akkilesarhæl og vinnur að lausn þeirra mála í samráði við bæjaryfirvöld.

Á Listasafni Reykjanesbæjar ríkir bjartsýni og tilhlökkun að takast á við fleiri og stærri verkefni.

Valgerður Guðmundsdóttir
Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar